

Miðvikudaginn 30. júní 1976.

Nr. 184/1974. **Fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs**

(Helgi V. Jónsson hdl.)

gegn

Sigurjóni Á. Ingasyni og

(Grétar Haraldsson hdl.)

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h.

borgarsjóðs

(Páll Lindal hrl.)

og

Sigurjón Á. Ingason

gegn

Fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs og

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h.

borgarsjóðs.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Lögreglumenn. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 24. október 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda og að málskostnaður verði þá látinn niður falla. Aðaláfrýjandi hefur engar kröfur gert á hendur stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 28. október 1974. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjandi og stefndi verði dæmdir til að greiða honum óskipt 2.332.755 krónur með 7% ársvöxtum frá 21. desember 1968 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að stefndi einn verði dæmdur til að greiða

framangreindar fjárhæðir, en til þrautavara, að aðaláfrýjandi einn verði dæmdur til að greiða þær.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ákvæði um, að lögreglumenn ættu rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir yrðu fyrir vegna starfs síns, voru upphaflega sett með 2. mgr. 7. gr. laga nr. 92/1933, en ákvæðið gildi einungis um lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn. Ákvæði þetta var óbreytt í lögum nr. 50/1940, sem leystu af hólmi fyrrgreind lög. Á þeim tíma, er slys það varð, sem um er fjallað í máli þessu, giltu lög nr. 56/1963, en 2. mgr. 6. gr. þeirra var samhljóða hinum eldri ákvæðum að öðru leyti en því, að hún tók til allra lögreglumanna. Nú gildir um þetta efni 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972, sem er samhljóða síðastgreindu ákvæði. Við það verður að miða, að gagnáfrýjandi hafi hlotið meiðsl við handtöku og gæslu manna 21. desember 1968 og að örorku hans, eins og hún var metin, megi rekja til þeirra meiðsla. Samkvæmt þessu þykir hann eiga rétt til bóta samkvæmt ákvæðum nefndrar 2. mgr. 6. gr. laga nr. 56/1963.

Samkvæmt ákvæðum 1. gr. og 2. gr. laga nr. 56/1963 skyldu sveitarstjórnir eða sýslunefndir skipa lögreglumenn, aðra en ríkislögreglumenn, greiða laun þeirra og annan kostnað við löggæslu, en fá hluta alls þess kostnaðar endurgreiddan úr ríkissjóði. Í Reykjavík skyldi ríkissjóður endurgreiða borgarsjóði $\frac{1}{2}$ hluta kostnaðar af borgarlögreglu og löggæslu borgarlögregluliðs, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna. Lögmæltar bætur til lögreglumanna vegna meiðsla við skyldustörf voru þáttur í starfskjörum þeirra og því eðlilegur kostnaður við löggæslu, sem borgarsjóði bar að greiða, en gat síðan endurkafið að $\frac{1}{2}$ hlutum úr ríkissjóði. Skiptir ekkj máli í þessu sambandi, þótt ríkisstarfsmaður, lögreglustjórinn í Reykjavík, hefði með höndum alla stjórn lögreglunnar. Gagnáfrýjandi var borgarlögreglumaður, er slys það varð, sem hér um ræðir. Samkvæmt því, sem að framan er greint, getur hann einungis beint kröfum sínum um bætur að stefnda. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í máli

Þessu. Stefndi ber hins vegar fébótaábyrgð á því tjóni, sem gagnáfrýjandi varð fyrir.

Kröfur sínar sundurliðar gagnáfrýjandi þannig:

- | | |
|---|-------------------------|
| 1. Bætur fyrir örorku | kr. 2.140.547 |
| ÷ verðmæti greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins | — 107.792 kr. 2.032.755 |
| 2. Bætur fyrir þjáningar, óþægindi og röskun á stöðu og högum | — 300.000 |

Kr. 2.332.755

Um 1.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt nýtt örorkumat Jóns Guðgeirssonar lækni frá 28. maí 1976. Telur læknirinn örorku gagnáfrýjanda óbreytta frá því, sem getur í örorkumötunum frá 21. júní 1972 og 20. mars 1973, er staðfest voru af Læknaráði, eins og í héraðsdómi er rakið. Þá hefur verið lagður fyrir Hæstarétt nýr reikningur Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings frá 21. maí 1976, þar sem hann reiknar af nýju með líkindatölum tjón gagnáfrýjanda vegna örorku hans. Við reikninga sína miðar tryggingastærðfræðingurinn við vinnutekjur gagnáfrýjanda slysárið og tvö næstu ár á undan og svo dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu á árunum 1966—1970. Tryggingastærðfræðingurinn reiknar tjónið á tvennan hátt. Í fyrra tilvikinu reiknar hann með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973 og síðan 9% ársvöxtum til frambúðar. Þannig reiknað telur hann, að tjón gagnáfrýjanda vegna tímabundinnar örorku nemi 122.739 krónum vegna lögreglustarfa, en 79.293 krónum vegna vinnu við eigið hús og verkstjórnar, eða samtals 202.032 krónum. Tjón vegna varanlegrar örorku nemi hins vegar 1.837.704 krónum vegna lögreglustarfa, en 1.023.786 krónum vegna vinnu við eigið hús og verkstjórnar, eða samtals 2.911.490 krónum. Heildartjónið þannig reiknað nemi því 3.113.522 krónum. Í síðara tilvikinu reiknar tryggingastærðfræðingurinn með sömu ársvöxtum og í fyrra tilvikinu til 15. júlí 1974, en síðan með 13% ársvöxtum til frambúðar. Þannig reiknað

telur hann, að tjón gagnáfrýjanda vegna tímabundinnar örorku sé hið sama og í fyrra liðnum, eða samtals 202.032 krónur. Tjón vegna varanlegrar örorku þannig reiknað nemi 1.527.309 krónum vegna lögreglustarfa og 826.949 krónum vegna vinnu við eigið hús og verkstjórnar, eða alls 2.354.258 krónum. Heildartjónið þannig reiknar nemi því 2.556.290 krónum. Tryggingastærðfræðingurinn hefur bent á, að séu tekjur af vinnu við eigið hús felldar niður, eigi tekjutap gagnáfrýjanda vegna annarrar vinnu en lögreglustarfa að lækka um 6.5%.

Við ákvörðun bóta til handa áfrýjanda ber að taka tillit til þess, að hann hefur haldið fullum launum sem lögreglu- maður frá slysdegi og gegnir starfi sínu áfram. Þá þykir einnig rétt við ákvörðun bótanna að hafa í huga, að verulegur hluti þeirra tekna, sem tryggingastærðfræðingurinn leggur til grundvallar útreikningi sínum, er vegna aukastarfa gagnáfrýjanda, sem með öllu var óvíst um, hvort hann gæti gegnt til frambúðar jafnhliða lögreglumannsstarfinu. Þegar þessa er gætt og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms um þessi atriði þykja bætur til gagnáfrýjanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar 1.000.000 krónur.

Um 2.

Rétt þykir að taka þennan lið til greina með 75.000 krónum.

Samkvæmt þessu verður stefnda dæmt að greiða gagnáfrýjanda alls 1.075.000 krónur (1.000.000 + 75.000) með vöxtum svo sem krafist er og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 300.000 krónur.

Rétt er, að málskostnaður milli aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

(Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Sigurjóns Á. Inga-sonar, í máli þessu, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður, að því er hann varðar.

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs,

greiði gagnáfrýjanda 1.075.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 21. desember 1968 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómenda aftur að orðunum: „Samkvæmt því, sem að framan er greint . . .“. Einnig er ég sammála úrlausn þeirra um fjárhæð bóta til handa gagnáfrýjanda svo og um málskostnað.

Ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 56/1963 voru sérstæð og að ýmsu leyti óglögg, m. a. um það, hverjum bæri að greiða bætur þær, sem þar eru greindar, og hvernig ábyrgð á greiðslu þeirra væri annars varið. Þegar til þess er litið, hvernig háttáð var ráðningu og launagreiðslum til lögreglumanna samkvæmt lögum, annarra en ríkislögreglumanna og varalögreglumanna, þykir bera að líta svo á, að gagnáfrýjandi geti á þessu stigi máls aðeins beint kröfum um bætur vegna meiðsla sinna að stefnda, en vísa beri kröfum hans á hendur ríkissjóði sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Samkvæmt þessu tel ég, að dómsorð ætti að hljóða svo:

Kröfum gagnáfrýjanda, Sigurjóns Á. Ingasonar, á hendur aðaláfrýjanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er vísað frá héraðsdómi, en málskostnaður þeirra í milli á að falla niður.

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, greiði gagnáfrýjanda 1.075.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 21. desember 1968 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Krafa Sigurjóns Á. Ingasonar í þessu máli er byggð á 2. mgr. 6. gr. laga um lögreglumenn nr. 56/1963, sem var þannig: „Lögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns“. Ákvæði þetta er óvenjulegt og vandskýrt, m. a. er þess ekki getið, hver beri ábyrgð á greiðslu bóta.

Árið 1968 voru bæði borgarlögreglumenn og ríkislögreglumenn í Reykjavík. Sigurjón Á. Ingason var borgarlögreglumaður. Hann var ráðinn til starfa af stjórnendum Reykjavíkurborgar, flest atriði varðandi kjör hans voru ákveðin með samningi milli borgarinnar og stéttarfélags lögreglumanna, og laun hans voru greidd úr borgarsjóði, en ríkissjóður endurgreiddi síðan 40% þeirra. Þessi tengsl sveitarfélaga og lögreglu áttu sér langa sögu og stóðu, uns lög nr. 56/1972 gengu í gildi. Vegna þeirra verður að telja, að borgarsjóður beri ábyrgð á greiðslum til Sigurjóns skv. þessum dómi.

Þó að hluti lögregluliðsins í Reykjavík væri skipaður borgarlögreglumönnum 1968, var allt liðið undir yfirstjórn dómsmálaráðherra og meginhluti þess undir daglegri stjórn lögreglustjórans í Reykjavík, sem er embættismaður ríkisins. Stjórnendur sveitarfélagsins Reykjavíkur höfðu engin áhrif á stjórn og störf lögreglunnar. Á það er einnig að líta, að krafa Sigurjóns Á. Ingasonar er byggð á lagaákvæði, en ekki á kjarasamningi. Í ákvæðinu er ekki með ljósum orðum lögð skylda á borgarsjóð, þó að telja verði, að endanlega beri að gera bætur upp milli ríkissjóðs og borgarsjóðs í sömu hlutföllum og lögreglukostnað yfirleitt. Ákvæðið var fyrst sett í lög 1933 og gildi um ríkislögreglumenn og varalögreglumenn eina til 1963. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 56/1963 segir, að hið nýja ákvæði sé „efnislega sama ákvæði“ og hið eldra. Nauðsynlegt var að taka skýrt fram, ef átti að undanþiggja ríkið ábyrgð. Vegna þessa svo og þess, er fyrr segir um forræði stjórnvalda ríkisins á öllum störfum lögreglunnar.

ar, verður að fallast á það með héraðsdómi, að Sigurjón Á. Ingason eigi kröfu á ríkissjóð í máli þessu.

Með hliðsjón af almennum reglum bótaréttar verður að telja, að ríkissjóður og borgarsjóður ábyrgist greiðslu skv. dómi þessum in solidum.

Að öðru leyti er ég sammála dómi meiri hluta Hæstaréttar í máli þessu, þar á meðal um bótafjárhæð, vexti og málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júní 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 29. apríl sl., hefur Sigurjón Á. Ingason lögreglumaður, nú til heimilis að Grettisgötu 96 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefni hinn 23. apríl 1971, á hendur borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Gerði stefnandi þær dómkröfur aðallega, að stefndu yrðu dæmdir til að greiða in solidum kr. 1.213.169 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. desember 1968 til greiðsludags svo og málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, en til vara, að borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs yrði einn dæmdur til greiðslu ofangreindra krafna, og til þrautavara, að fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs yrði einn dæmdur til greiðslu ofangreindra krafna. Undir rekstri málsins hefur kröfum stefnanda verið breytt með framhaldskröfugerð, og eru endanlegar dómkröfur hans þær aðallega, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða kr. 2.332.755 með 7% ársvöxtum frá 21. desember 1968 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, en til vara, að borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur verði einn dæmdur til greiðslu ofangreindra krafna, en til þrautavara, að fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði einn dæmdur til greiðslu ofangreindra krafna.

Af hálfu stefnda borgarstjórans í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að stefndi verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og verði málskostnaður þá látinn niður falla.

Af hálfu stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs eru þær dóm-

kröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, bæði aðalkröfu og þrautavarakröfu, og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Stefnandi kveður málavexti þá, að laugardaginn 21. desember 1968 kl. 1700 hafi hann verið staddur í starfi sínu sem lögreglu- maður í Tjarnarbúð hér í borg ásamt Bjarka Elíassyni yfirlög- regluþjóni, Guðmundi Hermannssyni aðstoðaryfirlögregluþjóni og fleiri lögregluþjónum. Lokið hafi verið fundi í Tjarnarbúð við Vonarstræti hér í borg á vegum Félags róttækra stúdenta og Æskulýðsfylkingarinnar. Hafi lögregluþjónarnir að fyrirmælum þeirra Bjarka og Guðmundar átt að verja fundarmönnum og um leið göngumönnum að halda norður í miðborgina. Er hann var við gæslu handtekinna manna í lögreglubifreið, sem þarna var, kveðst stefnandi hafa orðið fyrir höggum og sparki frá Leifi Jóels- syni, sem var einn hinna handteknu, en afleiðingar af þessu hafi orðið þær, að stefnandi hafi hlotið tímabundna og varanlega ör- orku, svo sem síðar verður rakið. Rannsókn fór fram fyrir saka- dómi Reykjavíkur á atburðum þeim, sem þarna urðu, og verður nú rakið það, sem fram kom við rannsókn þessa og þýðingu hefur fyrir mál þetta. Við rannsókn þessa skýrði Bjarki Elíasson yfir- lögregluþjónn svo frá, að laugardaginn 21. desember 1968 hafi lögreglustjóranum í Reykjavík borist bréf frá Félagi róttækra stúdenta og Æskulýðsfylkingunni, þar sem greind félög hafi til- kynnt hóp göngu og blysför um borgina kl. 1700 greindan dag. Í bréfinu hafi jafnframt verið greint frá þeirri leið, sem gengin yrði. Á fundi, sem haldinn var í yfirstjórn lögreglunnar, hafi verið samþykkt að leyfa ekki göngu þá leið, sem félögin tilkynntu, þar sem slíkt yrði til mikillar truflunar á umferð. Kveður Bjarki sér hafa verið falið að reyna að hafa samband við forráðamenn göng- unnar og fá þá til að fara aðra leið. Ekki kvaðst Bjarki hafa náð sambandi við neinn fyrr en Leif Jóelsson á skrifstofu Æskulýðs- fylkingarinnar um kl. 1440. Bjarki kvað Leif ekki hafa talið sig geta samið um eitt eða neitt í þessu sambandi, en hann hafi gefið sér samband við Ragnar Stefánsson. Kvaðst Bjarki hafa skýrt Ragnari frá ákvörðun yfirstjórnar lögreglunnar og ástæðum fyrir henni og óskað eftir samkomulagi um aðra leið. Það hafi Ragnar eigi fallist á, enda hefði verið nægilegt að tilkynna lögreglunni, hvaða leið yrði farin. Kvaðst Bjarki hafa beðið Ragnar um skila- boð til Hafsteins Einarssonar þess efnis, að Hafsteinn hefði sam-

band við sig, þ. e. Bjarka, en Hafsteinn hafði undirritað bréfið til lögreglustjóra. Bjarki kvað Hafstein ekki hafa haft samband við sig, og þegar dró að fundarlokum í Tjarnarbúð, kvaðst hann hafa haldið þangað í því skyni að hafa tal af Hafsteini. Kvaðst Bjarki hafa náð tali af Hafsteini og hafi hann í fyrstu talið öll tormerki á því að breyta um gönguleið, þar sem hún hefði þegar verið samþykkt á fundinum. Bjarki kvað Hafstein hafa samþykkt að gera sitt til þess að fá þessu breytt og hafi þeir í því skyni gengið út úr húsinu. Bjarki kvaðst hafa séð, hvar verið var að handtaka Ragnar Stefánsson. Kvaðst hann hafa heyrt Ragnar hrópa til fólksins: „Allir út á Austurvöll“. Bjarki kvað lögreglumenn hafa verið fyrir utan húsið og hafi þeir reynt að fá fólkið til þess að bíða, á meðan reynt væri að semja um aðra gönguleið. Hann kvað marga ekki hafa hlýtt þessu og hafi þeir verið komnir af stað út á Austurvöll með logandi kyndla og mótmælasþjöld. Hafi þeir virst hlýða kalli Ragnars og hafi fólkið streymt út á Austurvöll. Kvað hann lögreglumenn hafa stöðvað fólkið þar. Bjarki kvaðst hafa gengið með Hafsteini út á Austurvöll og hafi þá verið byrjuð átök þar. Kvaðst Bjarki hafa séð, að inni í mannþrönginni voru átök, en ekki kvaðst hann geta sagt um, hverjir þar áttust við. Bjarki kvað samkomulag hafa náðst við Hafstein um að breyta gönguleiðinni, hafi Hafsteinn beðið fólkið um að hlýða og hafi það verið gert. Gangan hafi síðan stöðvast á Skálholti við Laufásveg, en þaðan hafi sendinefnd göngumanna átt að fara með fundarsamþykkt til bandaríska sendiráðsins, en úr því hafi ekki orðið, þar sem fundarsamþykktir hafi verið í höndum Ragnars Stefánssonar, sem hafði verið handtekinn.

Hallgrímur Jónsson lögregluvarðstjóri kvaðst hafa verið staddur við Tjarnarbúð ásamt fleiri lögreglumönnum, er umræddum fundi var að ljúka. Kvað hann þá hafa haft fyrirmæli um það að láta göngumenn ekki fara norður í miðborgina. Fyrsti maðurinn, sem Hallgrímur kvaðst hafa haft tal af í þessu sambandi, kvað hann hafa verið Leif Jólsson og hafi verið tveir menn með honum. Kvað Hallgrímur Leif hafa sagt, að hann hefði enga heimild til þess að stöðva sig og hann mundi hafa boð um það að engu. Hallgrímur kvað mennina, sem með Leifi voru, hafa stansað og hafi þeir ekki farið lengra að sinni, en Leifur hafi gert tilraun til þess að komast fram hjá sér. Kvaðst Hallgrímur þá hafa handtekið Leif og fært hann í lögreglubifreið. Kvað hann Leif hafa farið móttþróalaust inn í bifreiðina. Hallgrímur kvað lögreglumann nr. 37 hafa kvartað yfir því við sig, að Leifur Jólsson

hefði sparkað í sig, þar sem hann var í bifreiðinni, en ekki kveðst Hallgrímur hafa séð, þegar það gerðist.

Stefnandi málsins, Sigurjón Ágúst Ingason, lögreglumaður nr. 37, skýrði svo frá, að hann hafi verið settur til þess að gæta bifreiðar þeirrar, sem handteknir menn voru settir í fyrir utan Tjarnarbúð. Kvaðst hann hafa setið við afturdyr bifreiðarinnar og tekið á móti þeim, sem handteknir höfðu verið. Stefnandi kvað Leif Jóelsson hafa verið fyrsta manninn, sem handtekinn var, og kvað hann hafa tekið sæti við hlið sér. Stefnandi kvað Leif hafa gert margar tilraunir til að komast út úr bifreiðinni og í eitt skiptið, þegar stefnandi kvaðst hafa haldið um hurðarhún bifreiðarinnar og hallað sér fram, kvaðst hann hafa fengið högg í hægri síðuna og hafa hrapað út úr bifreiðinni. Stefnandi kvað Leif hafa reynt að komast út á eftir sér, en hann hafi þá tekið upp kylfu sína og barið tvö högg í Leif og hafi annað höggið komið í hnéð, en hitt á upphandlegg. Kvaðst stefnandi síðan hafa reitt kylfuna til höggs í þriðja sinn, en þá hafi Leifur beygt sig fram og hafi höggið komið í höfuð honum. Við þetta hafi Leifur hörfað inn í bifreiðina, en hann hafi haldið áfram að æsa þá, sem þar voru inni, til mótþróa, en enginn hafi veitt virkan mótþróa.

Leifur Jóelsson skýrði svo frá, að umræddan dag hafi Bjarki Eliásson hringt á skrifstofu Æskulýðsfylkingarinnar og ætlað að fá að tala við Ragnar Stefánsson, en hann hafi ekki verið við og hafi þá Bjarki spurt eftir sér. Kvað Leifur þá hafa átt tal saman og hafi Bjarki skýrt sér frá því, að fyrirhuguð gönguleið yrði ekki leyfð, en hann hafi borið, að gangan mætti fara stystu leið úr Tjarnarbúð að sendiráði Bandaríkjanna. Kvaðst Leifur hafa spurt Bjarka, hvort það væri hugsanlegt samkomulag, ef leið göngunnar yrði breytt á þann veg, að gangan fylgdi umferðinni, en færi ekki á móti henni, en þessu hafi Bjarki neitað. Um þetta leyti kvað Leifur Ragnar Stefánsson hafa komið á skrifstofuna og muni þeir Bjarki hafa átt tal saman, en því muni hafa lokið, án þess að samkomulag næðist. Leifur kvað það hafa borið á góma á fundinum sjálfum, að lögreglan væri mótfallin fyrirhugaðri gönguleið, en ekki hafi verið gerð fundarsamþykkt um, hvort fyrirhuguð leið yrði farin eða farin ekki. Er hann kom út af fundinum, kvaðst Leifur hafa gengið fram á Guðmund Hermannsson og annan lögreglumann, þar sem þeir hafi verið örfáa metra frá húsinu. Ekki kvaðst Leifur hafa verið með kröfuspjald í höndum eða annað slíkt. Hann kvað ekki annað hafa verið sagt

við sig en það, að lögreglumaðurinn, sem með Guðmundi var, hafi sagt, að maður þessi, þ. e. Leifur, væri alls staðar til vandræða og væri rétt að taka hann úr umferð strax. Kvaðst Leifur síðan hafa fylgt lögreglumanni þessum inn í lögreglubifreið, sem þarna var við húsið. Kvaðst Leifur hafa verið fyrsti maðurinn, sem kom í bifreiðina, en síðan hafi aðrir verið færðir í hana á eftir. Leifur kvaðst ekkert hafa gert til þess að hindra lögreglumennina í því að setja menn inn í bifreiðina, fyrr en í hana hafi verið komnir fjórir til fimm fangar. Kvaðst hann þá hafa neitað að færa sig um sæti, en hann kvaðst hafa setið við útganginn. Leifur kvað þá lögreglumann nr. 37, sem stóð fyrir utan dyr bifreiðarinnar, hafa slegið sig eitt kylfuhögg, sem hafi komið í höfuðið. Við þetta kvaðst Leifur hafa vankast og fallið á gólfið í lögreglubifreiðinni. Ekki kannaðist Leifur við að hafa áður fengið önnur högg frá lögreglumanninum. Leifur mótmælti því sem algerlega röngu, að hann hafi sparkað í lögreglumanninn, svo að hann hafi hrokkið út úr bifreiðinni. Leifur kvaðst hafa krafist þess að vera fluttur í slysavarðstofuni, en er honum hafi þótt örvænt um, að svo yrði gert, kvaðst hann hafa kastað sér fram á stjórnborð bifreiðarinnar á milli tveggja lögreglumanna, sem þar voru. Kvaðst hann þá hafa verið tekinn út úr bifreiðinni og fluttur í aðra lögreglubifreið, þar sem hann hafi verið settur í handjárn. Leifur kvaðst hafa verið fluttur í slysavarðstofuna um klukkutíma eftir að hann hlaut höfuðhöggið og hafi þar verið búið að sári því, sem hann hlaut.

Sigurður A. Magnússon skýrði svo frá, að hann hafi verið að koma út af fundinum í Tjarnarbúð og hafi verið kominn nokkurn spöl frá tröppunum á húsinu, þegar Guðmundur Hermannsson hafi gengið í veg fyrir sig. Ekki kvaðst hann muna til, að neinn hafi verið í kringum þá, en lögreglumenn rétt á næstu grösum. Sigurður kvað Guðmund hafa sagt við sig, að hann færi ekki út á Austurvöll. Kvaðst Sigurður hafa spurt Guðmund að því, hvaða heimild hann hefði til þess að hefta ferðir sínar, og hafi Guðmundur þá vísað í því efni til ákveðinnar greinar í stjórnarskránni, sem heimilaði lögreglumanni að hefta ferðir manna, ef hætta væri á óspektum. Kvaðst Sigurður þá hafa svarað Guðmundi á þann veg, að hann væri kraftidjót, ef hann héldi, að hann gæti túlkað stjórnarskrána á þann veg, að hann gæti heft ferðafrelsi hans án nokkurs tilefnis. Sigurður kvað Guðmund hafa beðið sig um að endurtaka ummæli sín, og kvaðst hann hafa gert það og hafi hann síðan verið færður í lögreglubifreið af Guðmundi og öðrum

lögreglumanni. Sigurður kvaðst ekki muna betur en hann hafi verið fyrsti maður, sem settur var í lögreglubifreiðina og næstur hafi Leifur Jólsson komið. Sigurður kvað Leif hafa setið aftast og reynt að koma í veg fyrir, að fleiri menn yrðu settir inn í bifreiðina. Sigurður kvað Leif hafa sagt þeim, sem í bifreiðinni voru, að með því móti yrði ekki hægt að taka eins marga fasta og lengur drægist, að bifreiðin yrði full. Kvað hann Leif hafa gert þetta á þann hátt, að hann hafi sest fyrir dyrnar og spyrnt sér þannig, að hann lokaði dyrunum. Sigurður kvað Leif Jólsson hafa verið alblóðugan í andliti, þegar komið var með hann í bifreiðina. Sigurður kvað lögreglumann nr. 37 hafa tvö eða þrjú skipti barið Leif með kylfunni til að koma mönnunum inn fyrir. Kvaðst hann hafa séð, að í að minnsta kosti eitt skipti kom kylfan í höfuð Leifi. Nokkru áður en bifreiðin fór með fangana, kvað Sigurður Leif hafa kastað sér fram í stjórnhús hennar og hafi hann þá verið færður á brott. Varðandi það, hvort hann hefði séð Leif Jólsson sparka í lögreglumann nr. 37, svo að hann datt út úr bifreiðinni, kvaðst Sigurður ekki þora að fullyrða neitt um það, en hann kvaðst ekki vera frá því, að lögreglumaðurinn hafi dottið út úr bifreiðinni af völdum Leifs, hvort sem það hafi verið af völdum sparks eða af öðrum orsökum.

Hér fyrir dómi hefur stefnandi skýrt nánar svo frá, að það hafi verið, er hann fékk högg á hægri síðuna og hrapaði úr bifreiðinni, sem hann hafi fengið meiðsli þau, sem hann krefur um bætur fyrir í málinu. Stefnandi kveðst ekki áður hafa orðið fyrir meiðslum í baki og kveður bakið ekkert hafa багаð sig áður. Kveðst hann ekki áður hafa þurft að leita læknis vegna baksins. Varðandi heilsufar sitt hefur stefnandi skýrt svo frá, að ef hann hósti, þá taki það niður í bakið og ef hann reyni að taka eitthvað upp, þá fái hann mikinn sársauka í bakið og yfirleitt við alla áreynslu. Þá kveðst hann stöðugt vera með verki niður í hægri hnésbót, en kveðst ekki hafa orðið var við það, áður en atburður sá varð, sem fjallað er um í málinu. Varðandi störf sín sem lögreglumaður eftir umræddan atburð hefur stefnandi skýrt svo frá, að varðstjórinn hafi reynt að hliðra til eftir því sem hægt hafi verið, þannig að hann hafi verið eins mikið inni á lögreglustöðinni og hægt hafi verið, og kveðst hann þá oft sinna störfum við síma og talstöð. Stefnandi kveðst ekki hafa misst aukatekjur í starfi sínu sem lögreglumaður miðað við samstarfsmenn sína nú upp á síðkastið, en kveðst í því sambandi njóta tilhliðrunar varðstjóra, þar sem hann sé ekki sendur í störf, sem talin séu hættu-

leg. Auk starfs síns í lögreglunni og aukastarfa í sambandi við það kveðst stefnandi hafa unnið aukavinnu og sé þar um að ræða verkstjórn og eftirlitsstörf við byggingaframkvæmdir. Kveðst hann hafa unnið allmikla aukavinnu þannig. Eftir umræddan atburð kveðst stefnandi ekki hafa getað sinnt þessari aukavinnu og því hafi tekjur sínar dregist saman, en hann kveðst hafa fyrir stórri fjölskyldu að sjá.

Stefán Guðnason læknir hefur metið örorku stefnanda í örorkumati læknisins frá 15. október 1969 segir svo um grundvöll þess og niðurstöðu:

„Áverkaslys við lögreglustörf 21/12 1968.

Slasaði, sem er lögreglumaður, var að gæta handtekinna manna í lögreglubifreið, er einn mannanna sparkaði í hann, svo að hann hlaut meiðsli í baki.

Hann leitaði læknis, Ólafs Einarssonar í Hafnarfirði, 28/12 1968, sem segir um meiðslin í vottorði, dags. 13/ 1 '69:

„Fékk spark í spjaldhrygginn 21/12 1968 og þarf að fá læknismeðferð um tíma og verður því frá vinnu í ca. 2 vikur“.

Og í öðru vottorði, dags. 30/9 1969, segir sami læknir um þetta:

„Það vottast hér með, að Sigurjón Ingason, Faxatúni 20, Garðahreppi, kom til mín 28. des. 1968 vegna meiðslis, er hann hafði hlotið nokkrum dögum áður. Við skoðun fannst djúpt mar h. megin á spjaldhrygg og allmikil eymsli og stirðleiki við gang og hreyfingar“.

Í umsögn um röntgenmyndir tekur í Landspítala 19/3 1969 segir svo:

„Reg. Col. lumbo-sacralis, pelvis.

Pelvis: Negatívar myndir af pelvis.

Col. lumbo-sacralis:

Í lumbal-hrygg eru talsverðar osteoartrótískar breytingar og meiri ofantil en neðantil og allstórir osteophytar á liðbrúnum aðallega að framan. Liðbilið L I—L II er þrengt og liðfletir þess liðbils ójafnir, þar eð vafalítið er um afleiðingar af osteochondritis columnae að ræða“.

Fyrir liggur vottorð Kristjáns Hannesson, læknis, Reykjavík, dags. 1/10 1969, svohljóðandi:

„Sigurjón Ingason, lögreglumaður, Faxatúni 20, slasaðist þ. 21/12 1968, sparkað var í bak slasaða, og kom höggið rétt ofan við spjaldhrygg h. megin við lumbal-hryggsúlu. Sárir verkir komu á staðinn, og mátti slasaði sig vart beygja framyfir vegna sársauka og verkja.

Slasaði kom til mín þ. 14/1 1969 vegna afleiðinga þess áverka, voru þá eymsli við þuklun á áður nefndu svæði, mar sást undir húð á ca. lófastóru svæði og sársauki var við allar hreyfingar neðst í mjóhrygg. Rtg.-mynd ÷ (eftir minni).

Sj. fékk djúphitameðferð í 10 skifti, einkenni minnkuðu og hreyfingar urðu betri, en við alla extremhreyfingu og áreynslu á mjóhrygg komu fram sársauki og verkir, sem ágerðust svo mikið, að sj. leitaði til mín aftur þ. 24/6 1969. Hann fékk sömu meðferð og áður er nefnd, var í ca. ½ mánuð, einkenni frá baki hurfu að mestu, en við áreynslu fór aftur að bera á fyrrnefndum einkennum. Hann kvartar nú í dag (1/10) um sömu einkenni, koma þau fram við alla áttakavinnu, eins og sjl. orðar það.

Skoðun í dag (1/10) sýnir ekkert óeðlilegt, nema eymsli við þuklun og sársauki kemur fram, er sjúkl. beygir sig fram á við“.

Af framannefndum vottorðum kemur fram, að slasaði hefur verið óvinnufær af völdum slyssins í 2 vikur frá 13/1 1969 (Ólafur Einarsson, læknir) og fékk þá physiotherapi (13/1—24/1 1969, Páll Sigurðsson, yfirl.) og annan eins tíma aftur frá 24/6 og einnig þá í physiotherapi (tæpar 4 vikur, Páll Sigurðsson, yfirl.).

Slasaði kom til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum 29/9 1969 og á ný 14/10 1969. Hann kveðst hafa haft meiri og minni óþægindi í baki og stundum niður í fótlimi alltaf síðan hann varð fyrir slysinu, misjafnlega mikið með köflum. Er nú mikið til kvalalaus, en þolir enga áreynslu og finnur fyrir sársauka í baki við gang og ferðir í höstum bílum, t. d. í jeppa að sögn.

Við skoðun kemur í ljós, að allar hreyfingar í hrygg og mjöðmum eru sárar við miklar hreyfingar, en nást fast að því eðlilega.

Ályktun: Um er að ræða 42 ára gamlan lögreglumann, sem hlaut áverka við lögreglustörf sín fyrir rúmum 9 mánuðum síðan. Hann hlaut mar á mjóhryggjarsvæðinu, sem hefur valdið honum verkjum og eymslum í baki síðan, svo að hefur bargað hann nær samfellt síðan, og hefur hann verið óvinnufær af þessum sökum, a. m. k. tvívegis um tveggja til fjögurra vikna tíma í senn, og verið þá til lækninga hjá orkulækni. Hann virðist aldrei hafa verið óþægindalaus í bakinu, síðan hann meiddist, og óþægindin stundum lagt niður í ganglimi.

Samkvæmt því, sem röntgenmyndir sýna, mun slasaði hafa verið veill í baki fyrir (spondylarthrosis, osteochondritis columnae seq.) og e. t. v. orðið meira um áverkann af þeim sökum.

Um starfsgetu slasaða er það að segja, að hann var við vinnu fyrst á eftir slysið, þrátt fyrir mikla vanlíðan, en leitaði læknis

28/12 1968 og var óvinnufær og til lækninga í tvær vikur frá 13/1 1969. Eftir það var hann lítt vinnufær og ekki til neinna átaka þangað til 24/6 '69, að slasaði fór aftur í lækni meðferð og var þá að mestu frá vinnu um fjögurra vikna skeið. Síðan hefur hann verið við lögreglustörf, en þó ekki getað beitt sér við nein átök eða verulega áreynslu, og er svo enn.

Slasaði hefur hlotið mikinn бага og tímabundna örorku af völdum framannefnds áverka, og telst sú örorka hæfilega metin sem nú greinir:

Frá 21. desember 1968 til 13. janúar 1969 ..	50%
Frá 14. janúar 1969 í tvær vikur	100%
Eftir það til 24. júní 1969	50%
Eftir það í 4 vikur	100%
Eftir það til 15. október 1969	50%“

Sami læknir mat örorku stefnanda að nýju hinn 14. ágúst 1970. Í mati þessu segir svo um grundvöll þess og niðurstöðu:

„Visast til örorkumats fyrir sama mann vegna sama slyss, dags. 15. október 1969.

Í framhaldi af nefndu örorkumati skal eftirfarandi tekið fram:

Slasaði kom til undirritaðs til skoðunar 5/1 1970. Leiðir hún í ljós svipað ástand og var við næstu skoðun á undan, 14/10 1969. Hreyfingar í baki eru allar dálítið takmarkaðar vegna sársauka og stirðleika, einkum frambyggja í baki og hálsi. Hann var í æfingameðferð hjá Kristjáni Hannessyni nuddlækni. Hann kom á ný til skoðunar 27/4 1970, og er þá ástand enn svipað. Fær enn æfingameðferð hjá sama nuddlækni. Hreyfingar í hrygg eru þannig: Það vantar um 2 fet á, að fingurgómar nái í gólf við frambyggju, og aðrar hreyfingar eru sárar og stirðar. Hreyfingar í hálsi: Allar sárar, en nást nokkurn veginn. Fyrir liggur vottorð Kjartans R. Guðmundssonar yfirlæknis, Reykjavík, dags. 11/5 1970, svohljóðandi:

„Sigurjón Ingason, lögregluþjónn, Faxatúni 20, Garðahreppi, f. 28/5 1927, hefur verið hjá mér til rannsóknar þann 8/5 1970 vegna afleiðinga eftir slyss, sem hann varð fyrir þann 21/12 1968. Var það með þeim hætti, að fangi, sem hann hafði til gæslu, sparkaði í bak hans eða á aftanverðan spjaldhrygg h. megin, og fékk hann strax mikla verki í staðinn og eymsli og stirðleika við gang. Síðan þetta varð, hefur hann stöðugt haft verk h. megin í baki, sem leggur fram í nárann og niður undir hné, en sjaldan nið-

ur fyrir hné. Stundum yfir til v. hliðar í mjóbak. Þessir verkir hafa alltaf ágerst við alla áreynslu, og hefur hann verið meira og minna óvinnufær annað kastið þrátt fyrir mikla physiotherapeutiska meðferð. Stundum hefur hann einnig verk í hnakka. Verkin leggur einkum niður í hné, ef hann réttir sig upp eftir að hafa beygt sig. Það tekur ekki verulega í við hósta. Þvaglát eru í lagi. Við skoðun er sj. fullkomlega eðlil. psychiskt. Það er ör á enni h. megin eftir áverka, er hann fékk fyrir 30 árum síðan, og það er minnkað húðskyn svarandi til n. supraorbitalis dxt. A. ö. l. eru allar heilataugar eðlil., og allir vöðvar á eftr. eru mjög kröftugir, og það er enginn grunur um paresu neinsstaðar og engin atrophí. Lasseque er negativur. Á mjóbacki neðanverðu h. megin eru mikil eymsli. Það er ekki mikill verkur, ef hann beygir til hliðanna, og virðist sú hreyfing vera eðlil., en getur ekki beygt sig fullkomlega niður, þannig að hendur nái gólfi, og vantar á ca. 20—30 cm, og kemur þá verkur í bakið. Allir reflexar eru líflegir, jafnir, einkum eru hælreflexar jafnir og il-reflexar eðlil. Húðskyn er allsstaðar eðlil., einkum á fótum. Sj. segist ekki vera óstyrkur á taugum, hvorki nú né fyrr.

Álit: Sj. hefur fengið mikið högg á sacrum h. megin og etv. hefur hann fibrotiskar breytingar á bandvef af þeim orsökum og etv. periostiska reaktion, en ekkert finnst, sem bendir á neurologiska skemmd. Það er dál. erfitt að segja um prognosuna, en ekki finnst mér ólíklegt, að þetta lagist. Sennilega er sj. viðkvæmur fyrir áverka vegna þess, að hann hefur talsverða spondylarthrosis í lumbalhrygg og sacrallíðum“.

Einnig liggur fyrir vottorð Kristjáns Hannessonar læknis, Reykjavík, dags. 22/7 1970, svohljóðandi:

„Sigurjón Ingason, lögreglumaður, Faxatúni 20, slasaðist þ. 21/12 '68, sparkað var í bak slasaða, og kom höggið rétt ofan við spjaldhrygg h. megin við lumbalhryggsúlu. Sárir verkir komu á staðinn, og mátti slasaði vart beygja fram yfir vegna sársauka og verkja. Slasaði kom til mín þ. 14/1 '69 vegna afleiðinga þessa áverka; voru þá eymsli við þuklun, á áður nefndu svæði, mar sást undir húð á ca. lófastóru svæði, og sársauki var við allar hreyfingar neðst í mjóhrygg. Rtg. mynd ÷ (eftir minni). Sjúklingur fékk djúphitameðferð í 10 skifti, einkenni minnkuðu og hreyfingar urðu betri, en við allar extens hreyfingar og áreynslu á mjóhrygg kom fram sársauki og verkir, sem ágerðust svo mikið, að sj. leitaði til mín aftur þ. 24/6 '69. Hann fékk sömu meðferð og áður er nefnd, var í ca. ½ mán.; einkenni frá baki hurfu að

mestu, en við áreynslu fór aftur að bera á fyrrnefndum einkennum. Hann kvartar nú í dag (1/10) um sömu einkenni. Koma þau fram við alla átakavinnu, eins og sj. orðar það. Skoðun í dag (1/10) sýnir ekkert óeðlilegt, nema eymsli við þuklun, og sársauki kemur fram, er sj. beygir sig fram á við“.

Slasaði kom til Páls Sigurðssonar tryggingayfirlæknis, sérfræðings í ortopedi, til skoðunar, og liggur fyrir umsögn hans, dags. 6/7 1970, svohljóðandi:

„Kom til viðtals. Heilsufarsástand hefur verið svipað og áður. Hefur ekki þolað neina áreynsluvinnu eða átök vegna óþæginda í baki. Hefur unnið lögreglustörf, en verið hlíft við áreynslu að mestu. Var í maí í skoðun hjá Kjartani R. Guðmundssyni, yfirlækni, sem ekki fann nein neurologisk einkenni, en taldi, að um væri að ræða fibrotiskar breytingar í bandvef og e. t. v. periostiska reaktion.

Maðurinn lýsir nú óþægindum sínum þannig, að hann sé aldrei óþægindalaus, en fái við allt bogur og áreynslu verki, einkum hægra megin í bak og niður í hægri fót. Hann kveðst hafa verið að vinna í garðvinnu lítilsháttar í sumarfrí og var þá rúmliggjandi á eftir í viku.

Skoðun: Almennt ástand eðlilegt. Feitlaginn. Það er greinilegur stirðleiki í mjóbaki, vantar um 30 cm til að ná gólfi við beygju fram á við. Hliðarhreyfingar betri. Laseque er greinilega positívur hægra megin við 70°. Að öðru leyti eru hreyfingar, sensibilitet, reflexar og kraftar í ganglimum eðlileg. Rétt þykir að gera nýja röntgenskoðun“.

Umsögn um rtg.skoðun í Landspítala, dags. 15/7 '70, er svohljóðandi:

„Pelvis, sacro-iliaca liðir og col. lumbo sacralis: Alveg eðlilegar myndir af pelvis og sacro-iliaca eru vel opnir báðum megin. — 5 lendarliðir með greinilegri þrengingu milli L-I og L-II og dál. öldótttri liðlínu þar á milli. Auk þess sjást osteoarthrotiskar breytingar á öllum lendarliðum. Önnur liðbil eru eðlileg að sjá. Þessi þrenging á liðbilinu milli L I og II gæti vel verið á osteochondritiskum basis. NB: Þrengingunni í liðbilinu L I — L II er áður lýst við skoðun 1969“.

Ályktun: Með tilvísun til þess, sem áður segir í örorkumati undirritaðs af afleiðingum þessa slyss, má vafalítið rekja bakóþægindi slasaða að einhverju leyti til áverkans, sem hann hlaut á bak, sem var veilt fyrir.

Í framhaldi af því, sem áður getur um vinnugetu slasaða eftir

slysið, telst hún enn verulega skert til ársloka 1969 og eftir það nokkuð skert til miðs maímánaðar sl.

Það langt er nú liðið frá því að slys þetta vildi til, að tæpast er að vænta frekari bata en fenginn er, og þykir því tímabært að meta nú þá örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem nú greinir: Frá 21. desember 1968 til 13. janúar 1969 50%. Frá 14. janúar 1969 í tvær vikur 100%. Eftir það til 24. júní 1969 50%. Eftir það í einn mánuð 100%. Eftir það í 5 mánuði 50%. Eftir það í 6 mánuði 25%. Eftir það varanlega 10%“.

Læknirinn mat örorku stefnanda enn hinn 21. júní 1972. Í mati þessu segir svo um grundvöll þess og niðurstöðu:

„Vísá til örorkumats, er undirritaður gerði 15/10 1969, og framhaldsörorkumats frá 14/8 1970 vegna sama slyss á sama manni.

Síðan hefir slasaði fengið meðferð hjá nuddlækni vegna afleiðinga þessa slyss, samtals í 20 skifti á árunum 1970 og 1971.

Fyrir liggur nú nýtt vottorð Höskulds Baldurssonar læknis, Reykjavík, dagsett 11/6 1972, svohljóðandi:

„Hér með sendist yður, herra tryggingayfirlæknir, álit varðandi ofanefndan sjúkling. Ég sá og skoðaði sjúkling þennan á stofu minni hinn 19/5 og 2/6 síðastliðinn.

Sjúkrasaga sjúklings er í stuttu máli sú, að hinn 21/12 1968 fær hann spark í mjóbak hægra megin við hrygg. Sjúklingur telur sig hafa verið einkennalaus frá baki fram að þeim tíma. Frá þessum tíma er hann hins vegar stöðugt veill í baki. Hann kveðst ekki þola nein átök eða áreynslu. Við átök kveðst sjúklingur fá verki hægra megin í mjóbak. Verkir þessir leiða allt upp í háls hægra megin svo og út í hægri öxl. Liggja einnig niður í hægra læri, kálfa og allt niður í hásin hægra megin. Aldrei óþægindi vinstra megin. Er oft nokkra daga að jafna sig, ef hann verður fyrir áreynslu og fær verkjakast. Hefur all oft fengið gigtarmeðferð, það er stuttbylgjur og aðra hitameðferð á bak, og lagast af því, en aðeins um tíma.

Milli verkjakasta er sjúklingur óþægindalaus frá baki við venjulegan gang og hreyfingar, ef ekki kemur til átaka eða áreynslu.

Objectiv skoðun leiðir í ljós lágvaxinn mann, þrekvaxinn, feitlaginn.

Við skoðun á hrygg eru nokkur palpations og percussions eymsli í hægri síðu og yfir erector trunci vöðvum hægra megin við neðstu lumbal segment. Hreyfingar í col. lumb. eru allgóðar, sjúklingur fixerar ekki í col. lumb. við hreyfingar.

Við lateral flexion til vinstri fær sjúklingur verk í hægri síðu.

Við skoðun á ganglumum finnast engin neurologísk brottfalls-einkenni. Laseque próf neg. bilat.

Röntgenmyndir teknar 25/5 1972 sýna talsverðar osteoarthrotískar breytingar í hrygg, einkum osteophytmyndanir á liðbrún-um LII—LIII og LIV. Discdegenerationir hins vegar óverulegar.

Við samanburð við röntgenmyndir teknar 15/7 1970 sést, að röntgenologískt ástand er mjög svipað, engar verulegar breytingar hafa orðið á þessu tímabili.

Álit: Sjúklingur verður fyrir áverka á hrygg eða bak árið 1968. Röntgenmyndir af col. lumbsact, teknar 1½ ári síðar, sýna töluverðar osteoarthrotískar breytingar, eins og áður er lýst. Mjög er ólíklegt, að áverkni sá, er sjúklingur varð fyrir, eigi nokkurn þátt í þeim arthrotísku breytingum, er sjást í hrygg sjúklings. Hins vegar er sennilegt, að áverkinn hafi getað valdið því, að arthrotísk einkenni komu fram í arthrotískum hrygg, sem áður hafði verið einkennalaus eða einkennalíttill. Áverkinn, er sjúklingur varð fyrir, kann að hafa valdið sköddun í mjúkum vef hægra megin við hrygg. Þetta kann síðan að hafa veikt hrygginn og gert hann varnarminni gegn hnjaski. Við skoðun á sjúklingi finnst hins vegar lítið athugasvert, eins og raunar oft hjá sjúklingum með bakóþægindi, og hefur maður því fyrst og fremst orð sjúklings fyrir því, hversu mikil óþægindi hans eru“.

Ályktun: Um er að ræða 45 ára gamlan lögreglumann, sem hlaut bakáverka við lögreglustörf fyrir 3½ ári. Hann er talinn hafa hlotið mar á mjóhryggjarsvæðinu.

Slasaði hefur fengið æfingameðferð og nuddlækningar hjá nuddlækni öðruhverju undanfarin ár án varanlegs árangurs.

Starfsgeta hefir verið stopul allt frá slysdegi, í misjafnlega miklum mæli, stundum hefur hann verið óvinnufær að sögn í nokkrar vikur, starfsgetan verið verulega skert svo vikum og mánuðum skiptir, eftir það nokkuð skert mánuðum saman, og loks verður að telja vinnugetu varanlega skerta.

Síðan síðasta örorkumat var gert, hefir að áliti slasaða ekki verið um neina framför að ræða á liðan og heilsufari, sem þó var vonast eftir. Sjúklegar breytingar í hrygg, sem voru til staðar fyrir slysið, virðast hafa komið fyrr og meira í ljós en ella hefði e. t. v. orðið, og sennilegt er talið, að rekja megi hin þrálátu bakeinkenni til afleiðinga slyssins. Þær varanlegu afleiðingar þessa slyss, sem hér um ræðir, eru mjög þrálátir bakverkir, stirðleiki, getuleysi til átaka, lyftinga og burðar.

Tæpast er að vænta frekari bata en þegar er fenginn, og þykir því tímabært að meta nú þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, en hún þykir hæfilega metin sem nú greinir, og er þá tímabundna örorkan óbreytt frá fyrra mati, en sú varanlega nokkru meiri en áður var talið:

Frá 21. desember 1968 til 13. janúar 1969 ..	50%
Frá 14. janúar 1969 í 2 vikur	100%
Eftir það til 24. júní 1969	50%
Eftir það í 1 mánuð	100%
Eftir það í 5 mánuði	50%
Eftir það í 6 mánuði	25%
Eftir það varanlega	15%“

Hinn 20. mars 1973 lét læknirinn enn í té álitserð, sem er svohljóðandi:

„Ég vísa til örorkumats míns, dags. 21/6 1972.

Slasaði kom til mín þann 19/3 1973. Hann kveður ástand sitt vegna afleiðinga slyssins í desember 1968 ekki betra en það var, er matið var gert í júní 1972.

Hann var, að sögn, í orkulækningum hjá Kristjáni Hannessyni lækni eftir það til nóvemberloka það ár og á ný frá 5/2 til 1/3 1973. Hann kvartar um þrálát óþægindi í báðum fótlimum.

Ekki telst ástæða til breytinga á örorkumatinu frá 21/6 1972“.

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 24. júlí 1973, var málið lagt fyrir Læknaráð og álit þess leitað um eftirfarandi atriði:

„1. Fellst Læknaráð á, að réttmætt sé að hækka hundraðstölu varanlegrar örorku með hliðsjón af gögnum málsins úr 10% skv. örorkumati tryggingayfirlæknis þann 14/8 1970 í 15% skv. örorkumati hins sama þ. 21/6 1972.

2. Ef svo er, telur Læknaráð, að stefnandi eigi rétt á meiri hækkun hundraðstölu varanlegrar örorku en nemur 15%, sbr. örorkumatið frá 21/6 1972, með hliðsjón af ástandi hans eins og því er lýst í vottorði tryggingayfirlæknis þann 20/3 1973“.

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 31. desember 1973, svaraði Læknaráð spurningunum þannig:

„Ad. 1) Já.

Ad. 2) Nei“.

Hinn 27. ágúst 1970 reiknaði Þórir Bergsson tryggingafræðingur áætlað verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda. Í álitserð trygg-

ingafræðingsins segir svo um grundvöll útreiknings hans og noðurstöðu:

„Örorkumat.

Stefán Guðnason, tryggingalæknir, hefur í tveim örorkumötum, hinu fyrra dagsettu 15. október 1969 og hinu síðara 14. ágúst 1970, metið orkumissi Sigurjóns þannig — og nota ég þá síðara matið:

„Frá 21. des. 1968 til 13. jan. 1969 50%. Frá 14. jan. 1969 í tvær vikur 100%. Eftir það til 24. júní 1969 50%. Eftir það í einn mánuð 100%. Eftir það í 5 mánuði 50%. Eftir það í 6 mán. 25%. Eftir það varanlega 10%“.

Aldur.

Sigurjón er sagður fæddur 28. maí 1927 og hefur því verið 41 árs á slysdegi.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Sigurjóns árin 1967—1969 hefur hann tvö heilu almanaksárin fyrir slysið og slysírið aflað sér tekna á þrjá vegu:

1. Sem lögregluþjónn í lögreglunni í Reykjavík.
2. Sem eftirlitsmaður með byggingarframkvæmdum hjá Gunnlaugi Ingasyni í Hafnarfirði.
3. Við viðhald á húseign sinni.

Þessar tekjur hafa skipst þannig:

	1.	2.	3.
Árið 1966 kr.	80.328.00	kr. 245.000.00	kr. 9.550.00
Árið 1967 —	215.907.00	— 86.200.00	— 10.600.00
Árið 1968 —	300.870.00	— 55.100.00	— 7.000.00

Þar sem tekjur samkvæmt hverjum þessara liða fylgja mismunandi launahækkunum, verð ég að skipta útreikningnum í tvo þætti, þar sem ég tek lögreglustörfin sérstaklega, en hina tvo liðina saman.

1. Lögreglustörf.

Samkvæmt upplýsingum lögreglustjórans í Reykjavík, Sigurjóns Sigurðssonar, tók Sigurjón Guðnason (sic) laun samkvæmt 14. launaflokki, að sjálfstöðu með vaktalági. Til skýringar á því, hve lág laun hans fyrir lögreglustörf eru árið 1966, skal tekið fram, að hann fékk ársfrí frá störfum sem lögregluþjónn, þar sem hann hafði brákast á handlegg og gat því ekki sinnt þeim störfum, sem staða hans krafðist. Hinsvegar gat hann vel sinnt eftirlitsstörfum með byggingarvinnu, og skýrir það jafnframt hinar háu

tekjur hans við þau það ár. Þetta hlé frá lögreglustörfum veldur því, samkvæmt upplýsingum lögreglustjóra, að hann hækkar ekki í 15. launaflokk fyrir en 15. nóvember n. k.

Ég hef nú umreiknað framangreindar tekjur hans fyrir lögreglustörf til slysdags og síðan samkvæmt þessum upplýsingum. Þannig áætlaðar tekjur fyrir lögreglustörf eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega tapið sé 10% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi, og tímabundna tapið sé sá hundraðshluti af þeim, sem örorkumat læknisins segir til um að frádregnum 10%.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap.	
		v/tímab. örorku:	v/varanl. örorku:
1. árið eftir slysið	kr. 271.723.00	kr. 125.672.00	kr. 27.172.00
2. árið eftir slysið	— 320.027.00	— 24.002.00	— 32.172.00
Síðan árlega . . .	— 366.263.00		— 36.626.00

2. og 3. Eftirlitsstörf og viðhaldsvinna.

Gunnlaugur Ingason hefur gefið mér þær upplýsingar, að Sigurjón hafi unnið á hærri taxta en verkstjórar, en hins vegar hafi hækkanir fylgt breytingum verkstjórataxtans nokkurn veginn.

Ég hef því umreiknað samanlagðar tekjur fyrir þessa tvo liði samkvæmt breytingum hans. Tekjur fyrir viðhaldsvinnu eru ekki miklar og væri þeim sleppt, yrðu allar tölur hér á eftir 6.5% lægri.

Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap verða þá eins og eftirfarandi tafla sýnir, þegar við áætlun vinnutekjutapsins er notuð sama aðferð og að framan:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap.	
		v/tímab. örorku:	v/varanl. örorku:
1. árið eftir slysið	kr. 174.559.00	kr. 80.734.00	kr. 17.457.00
2. árið eftir slysið	— 213.262.00	— 15.995.00	— 21.326.00
Síðan árlega . . .	— 238.664.00		— 23.866.00

Verðmæti vinnutekjutaps.

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

	1.	2. og 3.	Alls:
Vegna tímab. örorku	kr. 142.720.00	kr. 92.202.00	kr. 234.922.00
— varanl. örorku	— 410.547.00	— 267.700.00	— 678.247.00
Samtals	kr. 553.267.00	kr. 359.902.00	kr. 913.169.00

Athugasemd.

Ég vil benda á, að ég hef algjörlega fylgt skattframtalstekjum þriggja síðustu ára fyrir slysið (slysið gerðist alveg í árslok 1968). Hinsvegar virðist, að hefði slysið ekki komið til, myndi Sigurjón sennilega hafa haldið áfram fullum lögreglustörfum með takmarkaðri annarri vinnu. Hefði því e. t. v. verið rétt að nota tvö síðustu árin fyrir slysið, en niðurstaðan yrði svo til alveg hin sama, einungis hefði liður 1 hækkað, en liðir 2 og 3 lækkað.

Frádráttur.

Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Reiknigrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur ís-lenzkra karla samkvæmt reynslu áráanna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu“.

Sami tryggingafræðingur reiknaði hinn 12. október 1972 að nýju áætlað verðmæti tapaðra vinnutekna. Í álitserð hans segir svo um grundvöll þess útreiknings og niðurstöðu:

„Frá því ég reiknaði síðast út örorkutjón Sigurjóns Ágústs Ingasonar fyrir rúmum tveimur árum hafa orðið ótrúlegar hækk-anir á öllum kaupþóxtum. Auk þess hefur mat læknisins á varan-legri örorku hækkað úr 10% í 15%. Þér óskið því eftir endur-útreikningi. Ég verð því að reikna tjónið algjörlega að nýju, og vísa því ekki til fyrri útreiknings.

Slysið.

Sigurjón Ágúst Ingason slasaðist þann 21. desember 1968. Hann var þá starfandi í lögreglunni í Reykjavík, og var við gæzlu hand-tekinnna manna í lögreglubifreið, er einn mannanna sparkaði í bakið á honum. Hann hefur síðan haft óþægindi í bakinu og tak-markaða hreyfingargetu samfara sársauka.

Örorkumat.

Stefán Guðnason, tryggingalæknir, hefur í tveim örorkumötum, hinu fyrra dagsettu 15. október 1969 og hinu síðara 14. ágúst 1970, metið orkumissi Sigurjóns þannig, og nota ég þá síðara matið:

„Frá 21. desember 1968 til 13. janúar 1969 50%. Frá 14. jan.

1969 í tvær vikur 100%. Eftir það til 24. júní 1969 50%. Eftir það í einn mánuð 100%. Eftir það í 5 mánuði 50%. Eftir það í 6 mánuði 25%. Eftir það varanlega 10%“.

Í mati, dagsettu 21/6 1972, hækkaði læknirinn matið á varanlegri örorku í 15%.

Aldur.

Sigurjón er sagður fæddur 28. maí 1927 og hefur því verið 41 árs á slysdegi.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Sigurjóns árin 1967—1969 hefur hann tvö heilu almanaksárin fyrir slysið og slysárið aflað sér tekna á þrjá vegu:

1. Sem lögregluþjónn í lögreglunni í Reykjavík.
2. Sem eftirlitsmaður með byggingarframkvæmdum hjá Gunnlaugi Ingasyni í Hafnarfirði.
3. Við viðhald á húseign sinni.

Þessar tekjur hafa skiptst þannig:

	1.	2.	3.
Árið 1966 kr.	80.328.00	kr. 245.000.00	kr. 9.550.00
Árið 1967 —	215.907.00	— 86.200.00	— 10.600.00
Árið 1968 —	300.870.00	— 55.100.00	— 7.000.00

Þar sem tekjur samkvæmt hverjum þessara liða fylgja mismunandi launahækkunum, verð ég að skipta útreikningnum í tvo þætti, þar sem ég tek lögreglustörfin sérstaklega, en hina tvo liðina saman.

1. Lögreglustörf.

Samkvæmt upplýsingum lögreglustjórans í Reykjavík, Sigurjóns Sigurðssonar, tók Sigurjón Ingason laun samkvæmt 14. launaflokki, að sjálfsgöðu með vaktaálagi. Til skýringar á því, hve lág laun hans fyrir lögreglustörf eru árið 1966, skal tekið fram, að hann fékk ársfrí frá störfum sem lögregluþjónn, þar sem hann hafði brákast á handlegg og gat því ekki sinnt þeim störfum, sem staða hans krafðist. Hinsvegar gat hann vel sinnt eftirlitsstörfum með byggingarvinnu, og skýrir það jafnframt hinar háu tekjur hans við þau það ár. Þetta hlé frá lögreglustörfum veldur því samkvæmt upplýsingum lögreglustjóra, að hann hækkar ekki í 15. launaflokk fyrir en 15. nóv. 1970.

Ég hef því umreiknað framangreindar tekjur hans fyrir lög-

reglustörf til slysdags og síðan samkvæmt þessum upplýsingum.

Þannig áætlaðar vinnutekjur fyrir lögreglustörf eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega tapið sé 15% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi, en tímabundna tapið sé sá hundraðshluti af þeim, sem örorkumat læknisins segir til um að frádregnum 15%:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap. Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið	kr. 271.723.00	kr. 108.078.00	kr. 40.758.00
2. árið eftir slysið	— 345.629.00	— 20.642.00	— 51.844.00
3. árið eftir slysið	— 421.202.00		— 63.180.00
4. árið eftir slysið	— 615.322.00		— 92.298.00
5. árið eftir slysið	— 666.599.00		— 99.990.00
Síðan árlega . . .	— 714.213.00		— 107.132.00

2. og 3. Eftirlitsstörf og viðhaldsvinna.

Gunnlaugur Ingason hefur gefið þær upplýsingar, að Sigurjón hafi unnið á hærri taxa en verkstjórar, en hinsvegar hafi hækk-anir fylgt breytingum verkstjórataxtans nokkurn veginn.

Ég hef því umreiknað samanlagðar vinnutekjur fyrir þessa tvo liði samkvæmt breytingum verkstjórataxtans. Tekjur fyrir viðhaldsvinnu eru ekki miklar, og væri þeim sleppt, yrðu allar tölur hér á eftir 6.5% lægri.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps verða því eins og eftirfarandi tafla sýnir, þegar við áætlun vinnutekjutapsins er notuð sama aðferð og að framan:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap. Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið	kr. 174.559.00	kr. 69.431.00	kr. 26.184.00
2. árið eftir slysið	— 213.262.00	— 13.756.00	— 31.989.00
3. árið eftir slysið	— 242.793.00		— 36.419.00
4. árið eftir slysið	— 286.659.00		— 42.999.00
5. árið eftir slysið	— 309.953.00		— 46.493.00
Síðan árlega . . .	— 319.674.00		— 46.901.00

Verðmæti vinnutekjutaps.

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

	Lögreglustörf:	Verkstjórástörf:	Alls:
Vegna tímabund-			
innar örorku . . . kr.	122.739.00	kr. 79.293.00	kr. 202.033.00
Vegna varanlegrar			
örorku —	1.062.943.00	— 497.328.00	— 1.570.270.00
<hr/>			
Samtals kr.	1.195.682.00	kr. 576.621.00	kr. 1.772.303.00

Athugasemd.

Ég vil benda á, að ég hef algjörlega fylgt skattframtalstekjum þriggja síðustu árána fyrir slysið (slysið gerist alveg í árslok 1968). Hinsvegar virðist, að hefði slysið ekki komið til, myndi Sigurjón sennilega hafa haldið áfram fullum lögreglustörfum með takmarkaðri annarri vinnu. Hefði því e. t. v. verið rétt að nota tvö síðustu árin fyrir slysið, en niðurstaðan yrði svo til alveg sú sama, einungis hefði liður 1 hækkað, en liðir 2 og 3 lækkað.

Einnig vil ég benda á, að þær hækkanir, sem þegar hefur verið samið um og koma til framkvæmda 1. marz 1973, eru reiknaðar með.

Frádráttur.

1. Frá Tryggingastofnun ríkisins hefur Sigurjón fengið greiddar örorkubætur. Þann 29/6 1972 kr. 142.771.00. Verðmæti þessarar upphæðar er á slysdegi kr. 107.792.00.
2. Ekki hefur verið gerð athugun á, hver eðlileg lækkun á verðmæti vinnutekjutaps er vegna skattfrelsis bóta.

Reiknigrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu“.

Tryggingafræðingurinn framkvæmdi nýjan útreikning hinn 29. apríl 1974. Í álitserð tryggingafræðingsins segir svo um grundvöll þessa útreiknings og niðurstöðu:

„Síðan ég reiknaði síðast út örorkutjón Sigurjóns, 11. okt. 1972, hafa orðið miklar hækkanir á öllum launatöxtum. Auk þess hafa almennir bankavextir hækkað úr 7% p. a. í 9% frá 16. maí 1973, en það verkar öfugt við hækkanirnar.

Vegna þessa óskið þér eftir endurútreikningi á verðmæti vinnutekjutaps.

Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap verður nú:

I. Lögreglustörf:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap. Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið	kr. 271.723.00	kr. 108.078.00	kr. 40.758.00
2. árið eftir slysið	— 345.629.00	— 20.642.00	— 51.844.00
3. árið eftir slysið	— 421.202.00		— 63.180.00
4. árið eftir slysið	— 615.321.00		— 92.298.00
5. árið eftir slysið	— 726.826.00		— 109.024.00
6. árið eftir slysið	— 900.390.00		— 135.058.00
7. árið eftir slysið	— 941.268.00		— 141.190.00
Síðan árlega	— 952.845.00		— 142.927.00

II. Verkstjórastörf:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap. Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið	kr. 174.559.00	kr. 69.431.00	kr. 28.184.00
2. árið eftir slysið	— 213.262.00	— 13.756.00	— 31.989.00
3. árið eftir slysið	— 242.793.00		— 36.419.00
4. árið eftir slysið	— 286.659.00		— 42.999.00
5. árið eftir slysið	— 359.334.00		— 53.900.00
6. árið eftir slysið	— 516.158.00		— 77.424.00
7. árið eftir slysið	— 560.345.00		— 84.052.00
Síðan árlega	— 567.223.00		— 85.083.00

Verðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nú nema á slysdegi:

	Lögreglustörf:	Verkstjórastörf:	Alls:
Vegna tímabund- innar örorku . . .	kr. 122.739.00	kr. 79.293.00	kr. 202.032.00
Vegna varanlegrar örorku	— 1.237.998.00	— 700.517.00	— 1.938.515.00
	Samtals kr. 1.360.737.00	kr. 779.810.00	kr. 2.140.547.00

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a. til 16. maí 1973, en síðan 9% til frambúðar. Um aðrar forsendur, sem máli skipta í þessu máli, vísa ég til útreiknings míns, dags. 11. okt. 1972“.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að sannað sé, að líkamsmeiðsli þau, sem valdið hafa tímabundinni og varanlegri örorku, sem honum hefur verið metin, hafi hann hlotið af völdum Leifs Jólssonar eða einhvers annars í átökum, sem urðu við umræddan

atburð hinn 21. desember 1968. Er því haldið fram, að á tjóni því, sem stefnandi hefur orðið fyrir af þessum ástæðum, beri stefndu óskipta fébótaábyrgð. Er því haldið fram, að þessi ábyrgð byggist á reglu skaðabótaréttarins um það, að starfsmaður eigi rétt á bótum úr hendi vinnuveitanda síns fyrir tjón, sem hann verður fyrir, er hann gegnir starfi, svo og því, að yfirstjórn lögreglu sé falin valdhöfum ríkisvaldsins og séu lögregluþjónar um meðferð starfs síns ekki háðir stjórnvöldum Reykjavíkurborgar. Er því og haldið fram, að þetta leiði einnig af ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 56/1963 um lögreglumenn, sbr. 3. gr. sömu laga, en samkvæmt þessum ákvæðum sé ógerlegt að greina á milli ábyrgðar stefndu gagnvart lögreglumönnum. Er því haldið fram, að ákvæði 2. mgr. 6. gr. greindra laga sé sett til að taka af allan vafa um það, að lögreglumenn eigi rétt til bóta fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns, en þurfi ekki að bera það sjálfir, enda sé augljóst, að ákvæði þetta hefði ekki þurft að setja til að tryggja rétt lögreglumanna til bóta úr hendi tjónvalds, þar sem slík ábyrgð hafi verið fyrir hendi samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins.

Sýknukrafa stefnda borgarstjórans í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur er í fyrsta lagi byggð á því, að þótt laun stefnanda séu að öllu leyti greidd úr borgarsjóði, þá verði að líta svo á, að yfirstjórn lögreglu sé falin handhöfum ríkisvaldsins. Löggæsla eins og sú, er framkvæmd var, er stefnandi slasaðist, sé þáttur í hlutverki ríkisvaldsins að halda uppi lögum og reglu. Borgaryfirvöld hafi engin afskipti af því, hvernig störfum lögreglu sé hagað, hvorki að þessu leyti né öðru. Einu afskipti borgaryfirvalda eins og annarra sveitarstjórna af löggæslunni séu að greiða hluta kostnaðar af henni samkvæmt einhliða ákvörðun ríkisvaldsins. Því verði að líta svo á, að hvers konar fébótaábyrgð, sem rakin verði til löggæslustarfa, hvíli óskipt á ríkissjóði. Þá er því haldið fram, að ábyrgð, sem vinnuveitandi kunni að bera gagnvart starfsmanni sínum, komi ekki til, nema um sé að ræða sök hans eða starfsmanna hans, en ekki sé um það að ræða í þessu tilviki. Það kemur fram af hálfu þessa stefnda, að löggæslustörfum fylgi nokkur hættu og hljóti lögreglumenn sérstaka þjálfun. Fram til 1963 hafi lögreglumenn fengið sérstaka áhættuþóknun, sem síðan hafi verið felld inn í kaup þeirra. Er því mótmælt, að með lögum nr. 56/1963 hafi verið löggleidd hlutlæg ábyrgð á tjóni, sem lögreglumenn verða fyrir í starfi sínu. Þá er því og mótmælt, að þótt Reykjavíkurborg hafi keypt tryggingu fyrir lögreglumenn,

hafi falist í því viðurkenning á hlutlægri ábyrgð á tjóni, sem þeir verða fyrir í starfi sínu. Þá er því haldið fram af hálfu þessa stefnda, að veikindi stefnanda hafi að hluta verið fyrir hendi, er hann varð fyrir áverknum, og því sé ekki fullt orsakasamband milli áverkans og þeirrar örorku, sem honum hefur verið metin. Einnig er því haldið fram, að stefnandi eigi sjálfur nokkra sök á, hvernig til tókst. Honum hafi borið að sýna varúð, en það hafi hann ekki gert, er hann hafi snúið baki í menn þá, sem í lögreglubifreiðinni voru. Þá er því haldið fram af hálfu þessa stefnda, að krafa stefnanda um bætur vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku sé allt of há. Stefnandi hafi haldið áfram starfi á svipuðum launum, enda hafi hann haldið fullum launum og aukavinnu. Hafi stefnandi því haft svipaðar tekjur og áður. Þá er mótmælt, að rétt sé að taka með í útreikningi örorkutjóns eins mikla aukavinnu utan aðalstarfs stefnanda eins og gert hafi verið svo og aukavinnu stefnanda við eigið hús.

Sýknukrafa stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er í fyrsta lagi byggð á aðildarskortri. Er á það bent, að stefnandi hafi verið skipaður til starfa í lögregluliði Reykjavíkurborgar af borgarstjórnunum í Reykjavík skv. 1. gr. laga nr. 56/1963 um lögreglumenn. Borgarstjórn Reykjavíkur hafi ákveðið laun stefnanda og greitt þau og einnig hafi borgarstjórnin tryggt stefnanda fyrir ýmsum áhættum í starfi. Stefnandi hafi því verið fastur starfsmaður Reykjavíkurborgar, er umræddur atburður varð. Er því haldið fram, að vinnuveitandi, hér borgarsjóður Reykjavíkur, beri fébótaábyrgð á tjóni, sem starfsmaður verður fyrir í starfi sínu. Þá er því haldið fram, að þótt löggjafinn hafi skipað málum svo, að yfirstjórn lögreglunnar sé í höndum embættismanns ríkisins, þá séu þeir, sem verkstjórn hafa með höndum innan lögreglunnar, þ. e. yfirlögrelupjónar, aðstoðaryfirlögrelupjónar, varðstjórar o. sl., allir borgarstarfsmenn og hafi þeir m. a. verið í fyrirsvari, þegar umræddur atburður varð. Þá er og á það bent, að skv. ákvæði 2. gr. laga nr. 56/1963 um lögreglumenn endurgreiði ríkissjóður hluta af kostnaði við lögreglu og löggæslu sveitarfélaga og sé þessi hluti í Reykjavík 40%, enda starfi þar jafnframt ríkislögrelulið, en ríkið greiði helming þessa kostnaðar í öðrum sveitarfélögum. Þannig hafi löggjafinn kveðið á, að fjárhagsleg ábyrgð á lögreglunni sé hjá sveitarfélögum, en ríkissjóður endurgreiði síðan hluta kostnaðarins. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að ef um sé að ræða ábyrgð í því tilviki, sem hér er fjallað um, þá sé hún hjá Reykjavíkurborg. Þá er því haldið fram af

hálfu þessa stefnda, að þegar athugaðar séu forsendur laga nr. 56/1963, þá sé ljóst, að með ákvæði 6. gr. sé verið að tryggja lögreglumönnum bætur fyrir slys, sem þeir verða fyrir í starfi sínu, þegar ekki er fyrir hendi aðili, sem hægt er að sækja til ábyrgðar samkvæmt almennum reglum. Þá er því haldið fram að hálfu þessa stefnda, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir bótaskyldu tjóni við umræddan atburð, þar sem hann hafi verið með veikt bak fyrir og því sé ekki nægilegt orsakasamband milli atburðarins og metinnar örorku. Þá er og bent á, að stefnandi hafi haldið föstum launum sínum, á meðan hann var frá vinnu, og eftir að hann kom til vinnu á ný hafi hann fengið aukavinnu og aukavaktir eins og fyrr og fengið greiðslur fyrir. Þá er því og haldið fram, að stefnandi eigi sjálfur sök á atburðinum, þar sem hann hafi ekki sýnt nægilega aðgæslu í skiptum sínum við menn þá, sem hann átti að gæta í lögreglubifreiðinni, er hann hafi snúið í þá baki. Þá er mótmælt, að rétt sé að taka með í útreikningi örorkutjóns eins mikla aukavinnu utan aðalstarfs stefnanda og gert hafi verið svo og aukavinnu stefnanda við eigið húsnæði.

Af hálfu stefndu hefur því ekki verið mótmælt, að stefnandi hafi orðið fyrir ávarka á baki, er hann var við lögreglustörf hinn 21. desember 1968, og verður það því lagt til grundvallar við úrlausn málsins. Hins vegar þykir ekki nægilega í ljós leitt, að áverkinn hafi hlotist af völdum Leifs Jóelssonar, þótt stefnandi haldi því fram. Á þeim tíma, sem umræddur atburður varð, voru í gildi lög nr. 56/1963, en í þeirra stað eru nú komin lög nr. 56/1972. Þótt stefnandi hafi verið skipaður lögregluþjónn í Reykjavík af borgarstjóranum í Reykjavík og þótt hann tæki laun sín úr borgarsjóði Reykjavíkur, þá eru athafnir lögreglunnar þáttur í beitingu ríkisvaldsins, og eru lögreglumennirnir ekki háðir stjórnvöldum Reykjavíkurborgar um meðferð starfs síns. Er og yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík og ákvarðanir um framkvæmd hennar í höndum handhafa ríkisvaldsins. Verður fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum umrædds atburðar því ekki lögð á borgarsjóð Reykjavíkur. Verður borgarstjórinn í Reykjavík því sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu. Ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 56/1963, sbr. nú ákvæði 5. gr. laga nr. 56/1972, þykir bera að skýra þannig, að það veiti stefnanda rétt til bóta úr ríkissjóði vegna áverka þess, sem hann varð fyrir hinn 21. desember 1968. Þótt stefnandi kunni að hafa snúið baki í menn þá, sem hann var að gæta í lögreglubifreiðinni, er hann hlaut áverkann,

þá þykir eigi verða fallist á það, að hann hafi með því sýnt af sér slíkt gáleysi, að það eigi að valda lækkun á bótum.

Verður nú afstaða tekin til fjárhæða í kröfugerð stefnanda, en þær eru sundurliðaðar þannig:

1. Bætur fyrir örorkutjón	kr. 2.140.547
Frá þeirri fjárhæð hefur stefnandi dregið verðmæti greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt reikningi tryggingafræðingsins	— 107.792 kr. 2.032.755
2. Bætur fyrir þjáningar, óþægindi og röskun á stöðu og högum	— 300.000
	<hr/>
	Kr. 2.332.755

Um 1. Stofnfjárhæð kröfu stefnanda samkvæmt þessum lið er byggð á útreikningi Þóris Bergssonar frá 29. apríl 1974, en fjárhæð sú, sem stefnandi dregur frá henni, er byggð á útreikningi tryggingafræðingsins frá 12. október 1972.

Af hálfu stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er fjárhæð þessa kröfuliðar mótmælt sem of hárrí. Auk atriða þeirra, sem áður hafa verið rakin, er því haldið fram, að eigi sé rétt að reikna með slíkri aukavinnu og viðhaldsvinnu eigin húsnæðis, sem gert sé í útreikningnum.

Þótt stefnandi hafi sinnt eftirlitsstörfum og verkstjórstörfum við byggingaframkvæmdir jafnframt lögreglumannsstarfi sínu, þá þykir ekki verða við það miðað, að slík aukavinna haldist í slíkum mæli það, sem eftir er starfsævi stefnanda. Þá þykir eigi í ljós leitt, að viðhaldsvinna við eigið húsnæði sé þess eðlis, að rétt sé að taka þann þátt til greina við ákvörðun örorkutjóns stefnanda. Stefnandi er opinber starfsmaður og hélt föstum launum sínum, á meðan hann var frá vinnu vegna atburðar þessa. Þegar framangreind atriði eru virt svo og það, að bætur sem þessar eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, og tillit tekið til hagræðis af eingreiðslu bóta, þá þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 800.000, og er þá tekið tillit til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins.

Um 2. Af hálfu stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er fjárhæð þessa liðar mótmælt sem of hárrí. Hér að framan nefur sjúkrasaga stefnanda verið rakin. Þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 175.000.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndi borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur verður sýknaður af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður þeirra í milli falli niður, en stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 975.000 með 7% ársvöxtum frá 21. desember 1968 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 190.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Ásgeiri Ellertssyni og Hauki Þórðarsyni yfirlæknum.

Dómsorð:

Stefndi borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurjóns Ingasonar, í máli þessu. Málskostnaður þeirra í milli fellur niður.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði stefnanda, Sigurjóni Ingasyni, kr. 975.000 með 7% ársvöxtum frá 21. desember 1968 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 190.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
